

Sagafilm hf  
Bt. Haraldur Rúnar Bjarnason  
Netf. sagafilm@sagafilm.is  
Laugavegur 176  
105-Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 4. desember 2015  
UST201512-007/M.I.K.  
09.06.01

### Efni: Leyfi til kvikmyndatöku við Dyrhólaey og Seltún

Umhverfisstofnun hefur móttengið erindi Sagafilm, dagsett 28. nóvember 2015 vegna leyfis til kvikmynda- og ljósmyndatöku við Dyrhólaey og Seltún á tímabilinu 12. til 16. desember 2015.

Dyrhólaey var friðlýst árið 1978 sem friðland, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 101/1978. Samkvæmt friðlýsingunni er óheimilt að skaða eða trufla dýralíf á hinu friðlýsta svæði og getur Umhverfisstofnun takmarkað aðgengi almennings á tímabilinu 1. maí til 25. júní til verndar fuglalífi.

Reykjanesfólkvangur var stofnaður árið 1975, sbr. auglýsingu nr. 520/1975. Fótgangandi fólki er heimil för um svæðið. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

#### Lýsing framkvæmdar:

Um er að ræða kvikmyndatöku við Dyrhólaey og Seltún. Unnið verður innan stíga á svæðunum og við vitann í Dyrhólaey. Áætlaður tökutími er 4 klst á hvorum stað. Fjöldi starfsmanna er 22.


#### Áhrifamat:


Umhverfisstofnun telur að myndatökan við Dyrhólaey og Seltún, eins og henni er lýst hér að ofan, sé ekki leyfisskyld. Stofnunin minnir þó á eftirfarandi:

- Að friðlýsingarskilmálum sé fylgt í hvívetna og umgengni um svæðin verði góð.
- Rík áhersla er lögð á að aðrir gestir svæðanna verði ekki fyrir óþarfa truflun vegna kvikmyndatökunnar.

Umhverfisstofnun bendir á, að ný náttúruverndarlög hafa nú tekið gildi og er verið að vinna nýtt verklag vegna leyfisveitinga á friðlýstum svæðum.

Virðingarfyllst

  
Jón Björnsson  
Sérfræðingur

  
Þórdís V. Bragadóttir  
Sérfræðingur